



**Smidesang ehf.**  
Byggðarhorn 54  
801 SELFOSS  
[Hannesmidesang@gmail.com](mailto:Hannesmidesang@gmail.com)

### Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Byggðarhorn 54 sveitarféluginu Árborg.

Vegagerðinni hefur borist umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Byggðarhorn 54, dags. 1.10.2020. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem fram kemur að:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Síða 1/2

Lagt hefur verið mat á umsóknina og hefur Vegagerðin ákveðið að fallast á beiðni um nýjan héraðsveg að bænum Byggðarhorn 54, þegar neðangreind skilyrði verða uppfyllt. Einnig er rétt að taka fram að héraðsvegur skal aldrei ná nær býli, atvinnufyrirtæki eða öðrum slíkum stöðum en 50 m ef hann endar þar, sbr. c. lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga. Með umsókninni vantar:

- Gögn frá Þjóðskrár um lögheimilisskráningu,
- Staðfestingu sveitarfélags á því að skilyrði um fasta búsetu sé uppfyllt.

Starfsmaður Vegagerðarinnar fór á vettvang dags. 15.10.2020 og kynnt sér staðhætti sbr. myndir 1 - 4.



Mynd 1 – 4 eru teknar af vettvangi (EFJ)

Vegagerðin  
Borgartún 5–7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Við vettvangsskoðun kemur í ljós að komin er heimkeyrsla að íbúðarhúsinu Byggðarhorn 54. Vegurinn uppfyllir forsendur fyrir því að vegurinn verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur í samræmi við gildandi skipulagsáætlun, sbr. 1. mgr. 28. gr. vegalaga.

Rétt er að taka fram að Vegagerðin er veghaldari þjóðvega.

*Vegagerðin samþykkir umsókn þína með þeim fyrirvara að skilyrði laganna um fasta búsetu og lögheimili hefur verið uppfyllt. Einnig er settur fyrirvari á ef vegurinn fer um land annars en umsóknaraðila að landeigandi sé samþykktur því að vegurinn liggji um land hans.*

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæranleg til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

---

Síða 2/2

Afrit sent á sveitarfélagið Árborg: [radhus@arborg.is](mailto:radhus@arborg.is)

Virðingarfullst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Undirskrift

Rannveig María Jóhannesdóttir

---

Vegagerðin